

Fundur í skólaráði Akurskóla fimmtudaginn 13. október 2011.

Mættir á fundinn eru: Jónína skólastjóri, Erla fulltrúi foreldra, Katrín fulltrúi foreldra, Magnús fulltrúi grenndarsamfélags, Eyjólfur og Ástþór fulltrúar nemenda, Birna fulltrúi starfsmanna og Halldóra aðstoðarskólastjóri sem er áheyrnarfulltrúi og ritar fundargerð.

1. Jónína setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún fór yfir reglugerð um skólaráð og gerði grein
2. Settir niður fundir skólaráðs 28. nóvember, 13. febrúar, 16. apríl kl. 16:00.
3. Jónína lagði fram til kynningar gögn um stefnumótunavinnu sem unnin var af starfsfólki í febrúar 2011. Unnið er að endurskoðun texta til að setja upp í Fræ skólans. Ákveðið að bæta við einu fræi – foreldrastarf. Rædd aðkoma foreldra og nemenda að þessari vinnu. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að tengja svona vinnu við foreldra og nemendur. Allir verða betur upplýstir og geta svarað spurningum um skólastarfið. Dregur úr fordómum og hræðslu við nýbreytni í skólastarfi. Fulltrúar foreldra taka að sér að undirbúa starf með foreldrum og skólastjórnendur stýra vinnu með nemendum.
4. Jónína kynnti þróunarverkefni samþætting, þemaverkefni og skapandi skólastarf sem unnið er að í skólanum í dag. Hjá Jónínu kom fram að erfitt er að auka skapandi þáttinn í skólastarfinu hér á Suðurnesjum. Fundarmenn tóku undir mikilvægi þess að styrkja þennan þátt og nefnd voru dæmi um vel heppnuð verkefni í Akurskóla sem tengjast útikennslu. Einnig sagði Jónína frá verkefnum Byrjendalæsi og Orð af orði. Áhersla á skólaþróun og það að allir séu að læra saman. Í Akurskóla eru það ekki bara nemendur sem eru að læra. Akurskóli mun taka þátt í Lego keppninni og Virkjum vísindin hjá unga fólkinu.
5. Jónína spurði hópinn um álit þeirra á því að selja unglingunum brauð á morgnana. Fundarmenn allir jákvæðir í garð þessa. Foreldrafulltrúar taka að sér að ræða hugmyndina í hópi foreldra.
6. Fyrirspurn um hvernig væri brugðist við í Akurskóla ef áföll verða í samfélaginu utan skólans, t.d. það sem gerðist í Sandgerði. Hjá Jónínu kom fram að nemendur stjórna svolítið umræðunni ef nemendur hafa mikla þörf fyrir umræðu staldra kennarar við og taka upp umræðuna með nemendum. Hennar mat er að bestu aðilarnir til að ræða mál af þessu tagi eru foreldrarnir. Foreldrafélagið er að boða til fundar í næstu viku um eineltismál, skólanum barst styrkur frá Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur til að vinna að eineltismálum. Fyrirspurn frá Erlu um Grænfána, úttekt á skólanum fer fram í næstu viku. Hún gerir athugasemd við það að við upphaf Ljósanætur er sleppt mörg þúsund blöðum út í umhverfið. Ekki umhverfisvæn athöfn. Fundarmenn sammála um að benda þurfi á þetta Erla með fyrirspurn um mikilvægi þess að vekja athygli á góðum viðburðum í fjölmiðlum, nefndur Landinn í þessu sambandi. Magnús kynnti hugmynd um að gera eitthvað í tengslum við Narfakotsseyluna á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Jónína sagði frá verkefnum sem tengjast verkefninu í

Narfakotsseylu, samfélagsfræði verkefni í 8. og 9. bekk og nemendur í valáfanganum Grenndarsamfélagið eiga að byggja upp eldstæði við svæðið.

7. Hjá nemendum kom fram athugasemd um Ipod, þeir vilja fá að nota Ipod (tónhlöður) þegar þeir eru að vinna. Nefndu dæmi um stærðfræðitíma, dæmi um nemendur sem einbeita sér betur með tónlist í eyrunum.

Hjá Jónínu kom fram að erfiðlega gekk að fylgja eftir reglum um Ipod í fyrra. Kennarar lentu í vandræðum og leitað var til skólastjóra. Hugmyndir um að setja saman reglur um Ipod með nemendum og huga að því að leyfa e.t.v. Ipod í einhverjum kennslustundum.

Umræða um strætisvagnaferðir – mikil óánægja með fækkun ferða, hamlar íþróttá- og tólmstundastarfi, hefur áhrif á skólastarf, dregur úr möguleikum á að fara með nemendur á listsýningar. Fundarmenn eru á því að betra væri að halda uppi áætlun og selja kort.

Nemendur og foreldrar hvattir til að taka málið fyrir í sínum hópum og senda til bæjaryfirvalda.

Erla sagði frá ráðstefnu sem haldin var með ungu fólki í Keflavíkirkirkju.

Fyrirspurn frá Katrínu um stefnu í sambandi við Mentor. Svar Jónínu: Ekki auglýsingamiðill, þ.e.a.s. það sem sent er í Mentor er fyrir alla nemendur og kostar ekki peninga. Mjög persónubundið hvernig kennarar nota Mentor. Umræða um gildi Mentor kerfisins sem samskiptatækis.

Næsti fundur mánudaginn 28. nóvember kl. 16:00.